

## M-63/2013 Álit 17. september 2013

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-63/2013:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y. Samkvæmt álitsbeiðni og fylgigöngum sem henni fylgdu lýtur ágreiningur aðila að samningi um leigu á bifreið, en álitsbeiðandi mun hafa tekið bifreið á leigu af seljanda til langs tíma. Mun álitsbeiðandi vera ósáttur við framferði seljanda hvað leigusamning þeirra varðaði og vísar til atvika sem áttu sér stað á vordögum 2013.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um leigu á bílaleigubíl. Um leigu á bifreiðum gilda lög nr. 64/2000 um bílaleigur. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kæruneftndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að skv. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 64/2000 um bílalegur fer Vegagerðin með eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt. Þá er álitsbeiðanda einnig bent á Úrskurðarneftnd ferðamála sem hýst er hjá Neytendasamtökunum.

#### III

##### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir